

**Nd.**

**167. Frumvarp til laga**

um afnám laga um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja, nr. 49 frá 12. febr. 1940.

Flm.: Héðinn Valdimarsson.

Lög nr. 49 frá 12. febrúar 1940, um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja, ganga úr gildi 1. jan. 1941.

**G r e i n a r g e r ð .**

Fjárhagsleg afkoma íslenzkra útgerðarfyrirtækja hefir breytt þáð mikið til hins betra á síðastliðnu ári, og útlit er fyrir að það haldi áfram þetta ár, að ekki virðist afsakanlegt, að þau séu skatt- né útsvarsfrjáls, að minnsta kosti ekki lengur en út þetta árið. Slíkt skattfrelsi, og það fyrir aðalatvinnuveg þjóðarinnar, er vand-  
ræðaástand, ekki sízt á tímum þegar hagur hans fer stórbatnandi, en hagur annara atvinnugreina og stétta fer stórversnandi vegna atvinnuleysis og dýrtíðar af völd-  
um stríðsins.